Ályktun um aukna jarðhitaleit ásamt áherslu á Gálmaströnd

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026 ítrekar mikilvægi áframhaldandi jarðhitaleitar á Vestfjörðum. Átakið "Jarðhiti jafnar leikinn" hefur þegar skilað miklum árangri og brýnt að því verði haldið áfram. Fjórðungsþing leggur svo sérstaka áherslu á að verkefninu á Gálmaströnd verði lokið á árinu 2027 og möguleikar Strandabyggðar til jarðhitanýtingar kannaðir til fulls.

Greinargerð

Mikilvægi jarðhitaleitar hefur sannað sig á Vestfjörðum og brýnt að halda henni áfram. Nýting jarðhita stuðlar að auknu orkuöryggi, lægri orkukostnaði heimila og fyrirtækja auk þess að skapa tækifæri til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar.

Áframhaldandi leit að heitu vatni á Gálmaströnd er mikilvægt hagsmunamál fyrir Strandabyggð og getur haft verulega þýðingu fyrir framtíðarþróun svæðisins. Mikilvægt er að fylgja eftir þeim rannsóknum sem þegar hafa farið fram og kanna til fulls möguleika á nýtingu jarðhitans.

Verkefnið hefur jafnframt þýðingu fyrir Vestfirði í heild og fellur vel að framtíðarsýn Svæðisskipulags Vestfjarða 2025–2050 um öflug grunnkerfi, ábyrga nýtingu auðlinda og sjálfbæra byggða- og atvinnuþróun. Verkefnið á Gálmaströnd styður þannig við sameiginleg markmið sveitarfélaga á Vestfjörðum um aukna byggðafestu, styrkingu innviða og fjölbreyttari tækifæri til framtíðar í landshlutanum.